

## ÖRYGGISSTEFNA NORÐURORKU

---

Norðurorka er veitufyrirtæki sem þjónustar heimili og atvinnulíf með vinnslu og dreifingu á heitu vatni og neysluvatni, dreifingu á raforku og rekstri fráveitu.

Ekkert sem Norðurorka gerir er svo mikilvægt að það réttlæti að starfsfólk eða aðrir hætti lífi sínu eða heilsu við vinnu. Við viljum vera til fyrirmyndar í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum með gildi fyrirtækisins, *Virðing – Fagmennska – Traust*, að leiðarljósi. Fyrirtækið vill reka öruggan, fjölskylduvænan og heilsusamlegan vinnustað með því að:

- **Allir starfsmenn taki virkan þátt** í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum.
- Allir starfsmenn séu **talsmenn aukins öryggis** á vinnustaðnum og leitist við að koma auga á, meta og draga úr hættum í vinnuumhverfinu.
- Stuðla að **góðri heilsu starfsmanna, öruggu starfsumhverfi** og góðum starfsskilyrðum.
- **Öryggisbúnaður sé til staðar**, hann skoðaður og prófaður reglulega og standist þær öryggiskröfur sem til hans eru gerðar.
- Starfsmenn nýti sér ávallt **viðeigandi öryggisbúnað** við störf sín.
- Viðhalda og efla **þekkingu og þjálfun** starfsfólks til að ná sem bestum árangri í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum.
- **Flétta öryggissjónarmið** inn í verkefni og áætlanir fyrirtækisins.
- Hafa **öryggi að leiðarljósi við hönnun** mannvirkja og stjórnun framkvæmda.
- Leggja ríka áherslu á **fyrirbyggjandi og reglulegt viðhald** til að tryggja öryggi, áreiðanleika og endingu.
- **Skrá slys, næstum slys og annað sem getur valdið slysum/óhöppum** m.a. til að draga lærdóm af því sem betur má fara.
- Setja **mælanleg markmið** á sviði öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismála og vinna árlega stöðumat þar sem markmið eru endurskoðuð.
- Vera traust og áreiðanlegt fyrirtæki sem stuðlar að **jákvæðum framförum** í öryggis-, heilsu og vinnuumhverfismálum.

Norðurorka uppfyllir skilyrði og kröfur þeirra laga og reglugerða sem gilda um starfsemi fyrirtækisins og leitast við að gera enn betur þar sem slíkt er mögulegt.

Unnið verður að stöðugum úrbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum fyrirtækisins og árangri á því sviði miðlað til almennings árlega.

Umsjón með öryggismálum og framfylgni öryggisstefnunnar verður í höndum öryggisstjóra fyrirtækisins. Stefnuna skal kynna starfsfólki og eftir atvikum verktökum fyrirtækisins.